

Ályktun um nýjan framhaldsskóla

Ársfundur ASÍ 2006 felur miðstjórn Alþýðusambands Íslands að vinna að því að tillögum starfsnámsnefndar frá því í sumar verði sem fyrst hrint í framkvæmd. Tillögurnar fela í sér breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans þar sem Nýi framhaldsskólinn verði ein heild án aðgreiningar í bóknám og verknám. Ársfundurinn telur að hér sé um mikilsvert hagsmunamál að ræða sem er til þess fallið að auka veg og virðingu starfsnáms á framhaldsskólastigi.

Forsenda þess að markmið um Nýjan framhaldsskóla nái fram að ganga er að nægilegt fjármagn verði tryggt til að þróa öflugt og fjölbreytt starfsnám.

Greinargerð:

Starfsnámsnefnd gerir tillögu um breytingar á heildarskipulagi framhaldsskólans þar sem nýr framhaldsskóli verði ein heild án aðgreiningar í bóknám og verknám.

Megintillögur nefndarinnar voru eftirfarandi:

- Afnumin verði aðgreining náms í framhaldsskólum, þ.e. á milli bóknáms og starfsnáms.
- Nýr framhaldsskóli verði ein heild með fjölmörgum mismunandi námsleiðum. Skólum verði veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við lokamarkmið námsins, þarfir nemenda og kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs þannig að nemendur verði sem best búnir undir það nám/atvinnu er við tekur. Nemandinn ljúki náminu á þeim tíma sem nauðsynlegur er með tilliti til þessara þátta.
- Námið verði kjarni í íslensku, stærðfræði og ensku. Kjarni og nám umfram kjarna samkvæmt námskrá sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu verði metið jafnt til stúdentsprófs.
- Nám í hinum Nýja framhaldsskóla umfram kjarna verði skipulagt með formgerðu samstarfi framhaldsskóla og háskóla með tilliti til frekara náms og með samstarfi framhaldsskóla og atvinnulífs í gegnum starfgreinaráðin.
- Stúdentspróf getur verið áfangi á leið nemanda til skilgreindra námsloka á tiltekinni námsleið.
- Almenna hluta aðalnámskrár og öðrum reglugerðum um skólastarf verði steyppt saman í eina reglugerð um framkvæmd og skipulag skólastarfs í framhaldsskólum.
- Námskrár og lýsingar á einstökum námsleiðum hafi ekki reglugerðarígildi heldur verði staðfestar af

menntamálaráðuneytinu fyrir hönd ráðherra með umburðarbréfi til skólanna.

- Náms- og starfsráðgjöf verði eflað í framhaldsskólum.
- Heimilt verði að setja á eins til þriggja ára nám á fagháskólastigi.
- Samstarfsnefnd um starfsnám verði lögð af og ný nefnd stofnuð "Samráðsnefnd starfsgreinaráða".
- Ný samráðsnefnd starfsgreinaráða sem verður skipuð þannig, ráðherra skipi tvo fulltrúa og annar þeirra verði formaður, aðrir í nefndinni verði formenn starfsgreinaráðanna.
- Starfsgreinaráðum fækkað úr 14 í 9.
- Starfsgreinaráðin verði vistuð með formlegum hætti
- Starfsgreinaráðin verði skipuð 5 fulltrúum, 2 fulltrúar frá samtökum atvinnurekenda, 2 fulltrúar frá samtökum launafólks og 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Félagi íslenskra framhaldsskóla og Kennarasambandi Íslands.
- Starfsgreinaráð skipi faghópa fyrir hverja starfsgrein undir ráðinu.
- Vinnustaðanám þar er vísað í skýrslu nefndar um vinnustaðanám, er nefndin sammála henni í meginatriðum.

Starfsnámsnefnd lítur svo á að nauðsynlegt verði að setja meira fjármagn til samráðsnefndar, starfsgreinaráðanna og samstarfs skólastiga.

Starfsnámsnefnd leggur til að menntamálaráðuneytið skipi þriggja manna starfshóp er annist kynningu og innleiðingu hins Nýja framhaldsskóla og gert verði ráð fyrir tveggja ára starfstíma þessa hóps.